

1866.
24. marz.

ingnum standa, úr jarðabókarsjóðnum samkvæmt áðurnefndum lögum.

Þar sem að ekki hafa verið tilfærðir nema 200 rd. í launabót eptir kornverði handa yður sjálfum, herra stiptamtmaður, eins og ríkisþingið hefir veitt hana, skal þess að endingu getið, að dómsmálastjórnin að vísu hefir leitazt við að færa fjárstjórninni heim sanninn um, að skilningur sá á lögnum 19. febrúarmán. 1861, sem ríkisþingið hefir farið eptir, sé ekki réttur, það er að skilja, að það sé rangt að taka þá 400 rd., sem yður eru veittir í borðfè, með, þá er launabótin eptir kornverði er reiknuð út, smbr. niðurlag 1. greinar í lögum þessum, en fjárstjórnin hefir svarað uppá það, að hún með engu móti sjái sér fært að fallast á, að þær seud látnir fá meira en þá 200 rd., sem ríkisþingið með berum orðum hefir veitt yður, og það því síður, sem skilningur sá á lögnum 19. febrúarmán. 1861, sem hér hefir verið farið eptir, líka hefir verið heimfærður uppá launabótina eptir kornverði handa amtmönnunum í Danmörku, þar sem borðfè þeirra hefir verið tekið með, þegar reiknaðar hafa verið út embættis-tekjur þeirra, þær er koma eiga til greina samkvæmt áðurnefndri lagagrein.

13. apríl.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

Í sambandi við bréf dómsmálastjórnarinnar frá 23. apríl-mán. 1864 skal það hérmeð kunngjört Deild hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt félaginu 150 rd. styrk til að halda áfram að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands“, og hefir í dag verið hlutazt til um, að fè þetta verði greidd fèhírði félagsins, Stephensen etazráði, úr aðalfèhirzlu ríkisins.